



Leiðbeiningar um meðferð heimilda og frágang heimildaskrár byggðar á APA-heimildakerfinu

2. útgáfa 2005

Edda R.H. Waage
tók saman

Þær leiðbeiningar sem hér birtast byggja á APA-heimildakerfinu, 5. útgáfu, en hafa þó verið staðfærðar og miðaðar við framsetningu á íslenskum texta. Leiðbeiningarnar eru ekki tæmandi. Frekari og ítarlegri upplýsingar um APA-heimildakerfið í sinni upprunalegu mynd má finna í eftirtöldum ritum:

American Psychological Association (2001). *Publication Manual of the American Psychological Association* (5. útg.). Washington: American Psychological Association.

American Psychological Association (2005). *Concise Rules of APA Style*. Washington: American Psychological Association.

© Edda R.H. Waage
21. nóvember 2005

EFNISYFIRLIT

1	<u>MEÐFERÐ HEIMILDA Í RITUÐUM TEXTA</u>	1
1.1	TILVITNANIR	1
1.2	TILVÍSANIR	1
1.3	NÁNAR UM INNIHALD TILVÍSANA	2
2	<u>FRÁGANGUR HEIMILDASKRÁR</u>	4
2.1	ALMENNT UM HEIMILDASKRÁR	4
2.2	NÖFN HÖFUNDA OG RITSTJÓRA Í HEIMILDASKRÁM	4
2.3	ÁRTÖL Í HEIMILDASKRÁM	4
2.4	HEITI HEIMILDA	5
2.5	ALMENNT UM RAFRÆNAR HEIMILDIR	5
2.6	LISTI YFIR HELSTU SKAMMSTAFANIR	5
3	<u>SNIÐMÁT FYRIR ÝMSAR TEGUNDIR HEIMILDA</u>	6
3.1	TÍMARITSGREIN	6
3.2	TÍMARIT – TÖLUBLAÐ Í HEILD SINNI, SÉRÚTGÁFA EÐA HLUTI TÖLUBLAÐS	6
3.3	BÓKARGAGNRÝNI Í TÍMARITI	6
3.4	BÓK UNDIR HÖFUNDARNAFNI	6
3.5	RITSTÝRÐ BÓK	7
3.6	KAFLI Í RITSTÝRÐRI BÓK	7
3.7	ÞYDD BÓK	7
3.8	BÓK, ENGINN HÖFUNDUR EÐA RITSTJÓRI	7
3.9	ORÐABÓK EÐA ALFRÆÐIORÐABÓK	7
3.10	FÆRSLA Í ALFRÆÐIORÐABÓK UNDIR HÖFUNDARNAFNI	7
3.11	SKÝRSLA UNDIR HÖFUNDARNAFNI	8
3.12	RITSTÝRÐ SKÝRSLA	8
3.13	STOFNANASKÝRSLA, ENGINN HÖFUNDUR EÐA RITSTJÓRI	8
3.14	STOFNANA- EÐA FYRIRTÆKJABÆKLINGUR	8
3.15	GREIN Í DAGBLAÐI UNDIR HÖFUNDARNAFNI	8
3.16	GREIN Í DAGBLAÐI, ENGINN HÖFUNDUR	8
3.17	ERINDI FLUTT Á RÁÐSTEFNU, ÚTGEFIÐ Í RÁÐSTEFNURITI	9
3.18	ERINDI FLUTT Á MÁLPINGI EÐA RÁÐSTEFNU, ÁGRIP ÚTGEFIÐ Í RÁÐSTEFNURITI	9
3.19	ERINDI FLUTT Á RÁÐSTEFNU, ÓÚTGEFIÐ	9
3.20	VEGGSPJALD KYNNT Á MÁLPINGI EÐA RÁÐSTEFNU	9
3.21	DOKTORSRITGERÐ, ÓÚTGEFIN	9
3.22	MEISTARAPRÓFSRITGERÐ, ÓÚTGEFIN	9
3.23	KORT	10
3.24	LOFTMYND	10
3.25	GERVITUNGLAMYND	10
3.26	LÖG	10
3.27	REGLUGERÐ	10
3.28	VEFUR STOFNUNAR, FYRIRTÆKIS EÐA EINSTAKLINGS, ALMENN TILVÍSUN	10
3.29	GREIN EÐA PISTILL UNDIR HÖFUNDARNAFNI, SÓTT Á VEF STOFNUNAR, FYRIRTÆKIS EÐA EINSTAKLINGS	11
3.30	GREIN EÐA PISTILL, ENGINN HÖFUNDUR, SÓTT Á VEF STOFNUNAR, FYRIRTÆKIS EÐA EINSTAKLINGS	11
3.31	GÖGN ÚR RAFRÆNUM GAGNABANKA	11
3.32	RAFRÆN TÍMARITSGREIN	11
3.33	INNLEGG SENT Á UMRÆÐUVEF	11

1 MEÐFERÐ HEIMILDA Í RITUÐUM TEXTA

1.1 Tilvitnanir

Óbein tilvitnun	Óbein tilvitnun vísar til þess þegar stuðst er við texta eða hugmyndir sem aðrir hafa sett fram og hann umorðaður, endursagður eða tekinn saman með eigin orðum.
Bein tilvitnun	Bein tilvitnun vísar til þess þegar texti er tekinn orðréttur úr verkum annarra.
Afmörkun beinna tilvitnana	Beina tilvitnun sem telur færri en 40 orð skal aðgreina frá eigin texta með „gæsalöppum“. Beina tilvitnun sem telur 40 orð eða fleiri skal aðgreina frá eigin texta með inndrætti og sér málsgrein. Þá skal ekki nota gæsalappir.
Nákvæmni	Stafsetningarvillur eru alla jafna láttnar halda sér í beinum tilvitnunum en þær gefnar til kynna með (<i>svo</i>) beint á eftir hinu rangt stafsetta orði. Upprunalegar leturbreytingar, svo sem skáletrun, feitltrun og undirstrikun, skulu halda sér í beinum tilvitnunum. Heimilt er að breyta fyrsta staf í beinni tilvitnun úr hástaf í lágstaf, eða öfugt, til að fella tilvitnun að eigin texta, án þess að geta þess sérstaklega.
Texti felldur út	Heimilt er að fella texta úr beinni tilvitnun, enda breytist ekki við það merking textans. Skal sá staður, þar sem textinn áður var, táknaður með þrípunkti ...
Texta bætt við	Heimilt er að bæta texta við beina tilvitnun, enda breyti hann ekki merkingu heldur sé til útskýringar. Slík innskot skal aðgreina með [hornklofa].
Áhersluauki	Ef leggja þarf sérstaka áherslu á eitt orð eða fleiri í beinni tilvitnun með leturbreytingum skal skáletra viðkomandi orð en geta þess jafnframt innan hornklofa beint á eftir með athugasemdinni: [letri breytt hér].

1.2 Tilvísanir

Hvenær vísa skal til heimilda	Vísa skal til allra heimilda sem eru notaðar og í hvert sinn sem þær eru notaðar. Gildir það bæði um beinar og óbeinar tilvitnanir.
Staðsetning tilvísunar	Vísa skal til heimildar strax á eftir tilvitnun en ekki í lok setningar eða málsgreinar, nema það eigi sérstaklega við.
Samspil tilvísana og heimildaskrár	Allar heimildir sem vísað er til skulu skráðar í heimildaskrá. Í heimildaskrá er að finna allar þær upplýsingar varðandi heimildina sem gera lesanda mögulegt að leita hana uppi.
Innihald tilvísunar	Tilvísun skal innihalda nafn höfundar (eða ígildi þess eftir atvikum, sjá „Sniðmát fyrir ýmsar tegundir heimilda“) og útgáfuár heimildar. Aðgreina skal þessar upplýsingar með kommu. <ul style="list-style-type: none">• Dæmi: (Rose, 1999) Ef um beina tilvitnun er að ræða skal einnig vísa til þeirrar blaðsíðu í heimildinni sem tilvitnunin er fengin frá og þær upplýsingar einnig aðgreindar með kommu. <ul style="list-style-type: none">• Dæmi: (Brady, 2003, 89) Ef nafn höfundar kemur fyrir í texta skal aðeins tilgreina útgáfuár í tilvísun, nema um beina tilvitnun sé að ræða. En þá skal tilgreina útgáfuár og blaðsíðutal. <ul style="list-style-type: none">• Dæmi: Latour (1993) eða Latour (1993, 35)

Vísað til rafrænna heimilda	Vefslóðir eiga ekki heima í tilvísunum. Um tilvísanir í rafrænar heimildir gilda sömu meginreglur og aðrar heimildir, þ.e. nafn höfundar og útgáfuár. (Sjá nánari umfjöllun um rafrænar heimildir í „Frágangur heimildaskrá“ og „Sniðmát fyrir ýmsar tegundir heimilda“.)
Beinar tilvitnanir úr rafrænum heimildum	<p>Ýmsar rafrænar heimildir hafa ekki blaðsíðutal sem hægt er að vísa til þegar vitnað er til þeirra beint. Í slíkum tilfellum skal, eftir því sem mögulegt er, beina lesanda sem næst tilvitnuninni í hinum upprunalega texta. Ef textanum sem vitnað er til er til dæmis skipt niður í undirkafla eða númeraðar efnisgreinar má setja heiti þeirra eða númer innan tilvísunar, þar sem annars kæmi blaðsíðutal.</p> <ul style="list-style-type: none"> Dæmi: (Kristín Ingólfssdóttir, 2005, IV) (Rúnar Vilhjálmsson, 2005, Gæðavísar háskóla) <p>Þessar upplýsingar um staðsetningu tilvitnunar innan upprunalega textans skal ekki tilgreina í færslu heimildar í heimildaskrá, ekki frekar en blaðsíðutal beinna tilvitnana.</p>
Vísað í lög og reglugerðir	<p>Þegar vísað er í lög og reglugerðir skal tilgreina heiti, númer og ártal í tilvísun.</p> <ul style="list-style-type: none"> Dæmi: (Lög um náttúruvernd nr. 44/1999) <p>Sömu upplýsingar koma fram í heimildaskrá, sjá dæmi 3.26 og 3.27 í „Sniðmát fyrir ýmsar tegundir heimilda“.</p>
Beinar tilvitnanir úr lögum og reglugerðum	<p>Þegar vitnað er beint í lög og reglugerðir skal vísað til númers þeirrar greinar (og töluliðar og stafliðar ef við á) sem tilvitnunin er fengin úr, í stað blaðsíðutals eins og almennt gildir um beinar tilvitnanir. Upplýsingar um númer greinar skal ekki tilgreina í heimildaskrá.</p> <ul style="list-style-type: none"> Dæmi: (Reglugerð um Skaftafellshjóðgarð nr. 879/2004, 10. gr.)
Hvenær ekki þarf að vísa til heimilda	Ekki þarf að vísa til heimildar þegar um almenna þekkingu er að ræða. Eins og til dæmis að Ísland sé í Evrópu. Engar reglur eru þó til um hvað telst til almennrar þekkingar og hvað ekki. Dómgreind hvers og eins verður að ráða hverju sinni.
Tilvísun án heimildar	<p>Þegar vitnað er í persónuleg samskipti er ekki vísað til færslu í heimildaskrá, enda enginn tilgangur að hafa færslur í heimildaskrá sem ekki er hægt að nálgast. Þetta á t.d. við bréf, minnisblöð, tölvupóst, munnlegar heimildir og símtöl. Rétt er þó að geta í tilvísun hvaðan upplýsingarnar eru fengnar, hvernig og hvenær.</p> <ul style="list-style-type: none"> Dæmi: (Jón Jónsson, forstjóri Landaskers, munnleg heimild, 23. janúar 2005) (Grettir Ásmundarson, símtal, 14. ágúst 2005) <p>Þegar vitnað er í forn, klassísk bókmenntaverk er ekki nauðsynlegt að skrá heimildina í heimildaskrá. Þetta á til dæmis við um ýmis verk Forn-Grikkja og Rómverja, sem og Biblíuna og Kóraninn. Rétt er þó að geta hvaða útgáfu verið er að vinna með í fyrsta sinn sem vitnað er í og vísað til viðkomandi verks. Samræmt númerkerfi á ýmist köflum, versum eða línnum þessara rita er gegnumgangandi í öllum útgáfum þeirra. Skal vísað í þau númer, en ekki blaðsíðutal, þegar vitnað er beint eða til ákveðinna hluta þessara rita.</p> <ul style="list-style-type: none"> Dæmi: Prédikarinn 3:19 (Ný þýðing úr frummálunum)

1.3 Nánar um innihald tilvísana

Nöfn íslenskra höfunda	<p>Íslensk nöfn höfunda skal rita samkvæmt íslenskum málvenjum, þ.e. fornafn og eftirnafn.</p> <ul style="list-style-type: none"> Dæmi: (Sigrún Þorkeldsdóttir, 2003)
Nöfn erlendra höfunda	<p>Um nöfn erlendra höfunda gildir að einungis skal rita eftirnafn.</p> <ul style="list-style-type: none"> Dæmi: (Brady, 2003) <p>Ef tveir erlendir höfundar sem vitnað er til hafa sama eftirnafn, þá skal einnig skammstafa fornafn þeirra á eftir eftirnafni.</p> <ul style="list-style-type: none"> Dæmi: (Smith, P., 2003) og (Smith, V., 2004)

Tveir höfundar	<p>Ef tveir höfundar eru að einu verki skulu þeir báðir nafngreindir í hvert sinn sem vísað er til viðkomandi heimildar. Nota skal táknið & þegar nöfn höfunda lenda innan tilvísunar. En ef nöfn höfunda eru í texta skal rita <u>og</u>.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Dæmi: (Ingibjörg Axelsdóttir & Þórunn Blöndal, 2000) Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal (2000)
Þrjú til fimm höfundar	<p>Ef þrjú til fimm höfundar eru að einu verki skulu þeir allir nafngreindir í fyrsta sinn sem vísað er til viðkomandi heimildar. Seinni tilvísanir í sömu heimild skulu aðeins innihalda nafn fyrsta höfundar en ritað <u>o.fl.</u> á eftir. Gildir það bæði ef nöfn höfunda lenda innan tilvísunar eða utan.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Dæmi: (Laurie, Andolina & Radcliffe, 2005) í fyrstu tilvísun, síðan: (Laurie o.fl., 2005)
Sex höfundar eða fleiri	<p>Ef sex höfundar eða fleiri eru að einu verki skal aðeins nafngreina fyrsta höfund í tilvísunum en rita <u>o.fl.</u> á eftir.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Dæmi: (Ballas o.fl., 2005)
Tvær eða fleiri heimildir sama höfundar	<p>Ef vísað er samtímis til tveggja heimilda sama höfundar er nafn höfundar ritað einu sinni en tilgreind útgáfuár beggja heimildanna, aðgreint með kommu. Heimildirnar eru skráðar hvor í sínu lagi í heimildaskrá, og raðað eftir aldri þannig að sú eldri komi á undan.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Dæmi: (Hjörleifur Guttormsson, 1987, 1999)
Tvær eða fleiri heimildir sama höfundar, sama útgáfuár	<p>Ef vísað er til tveggja heimilda sama höfundar sem gefin eru út á sama ári skal aðgreina heimildirnar með bókstaf á eftir útgáfuári. Sömu aðgreiningu skal nota í heimildaskrá og ræðst þar innbyrðis röð þessara heimilda. Sjá „Frágangur heimildaskrár“.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Dæmi: (Cronon, 1996a) og (Cronon, 1996b)
Vísað samtímis til tveggja eða fleiri höfunda	<p>Ef vísað er samtímis til tveggja eða fleiri höfunda skulu þeir aðgreindir með semíkómmu ;</p> <ul style="list-style-type: none"> • Dæmi: (Karl Benediktsson, 2002; Castree, 2001)
Útgáfuár villandi	<p>Þegar útgáfuár er villandi, eins og til dæmis þegar um útgáfur þýðinga á fornum ritum er að ræða, skal setja þýðingarár þeirrar útgáfu sem unnið er með og textinn þýð. á undan útgáfuárinu.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Dæmi: (Aristoteles, þýð. 1978)
Endurútgáfa gamalla rita	<p>Ef um endurútgáfu er að ræða á gömlum ritum og upprunalegt útgáfuár er kunnugt, skulu bæði ártöl tilgreind í tilvísun, hið upprunalega á undan en útgáfuár verksins sem unnið er með á eftir.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Dæmi: Kant (1790/2000) <p>Til samanburðar, sjá einnig dæmi 3.7 í „Sniðmát fyrir ýmsar tegundir heimilda“</p>

2 FRÁGANGUR HEIMILDASKRÁR

2.1 Almennt um heimildaskrár

Innihald heimildaskrár	Heimildaskrá skal innihalda allar þær heimildir sem vísað er til og á hver færsla að innihalda þær upplýsingar sem gera lesanda kleift að leita viðkomandi heimild uppi.
Röð heimilda	Heimildum skal raðað í stafrófsröð eftir höfundarnafni eða öðrum þeim upplýsingum er geta verið ígildi nafns höfundar. Sjá dæmi í „Sniðmát fyrir ýmsar tegundir heimilda“.

2.2 Nöfn höfunda og ritstjóra í heimildaskrá

Nöfn erlendra höfunda	Um nöfn erlendra höfunda og ritstjóra gildir að eftirnafn er ritað fyrst en fornafn skammstafað á eftir, komi nöfnin fyrir fremst í færslu heimildar. Sjá dæmi 3.1, 3.2 og 3.5 í „Sniðmát fyrir ýmsar tegundir heimilda“. Ef erlend eiginnöfn eru aftur á móti staðsett inni í miðri færslu gildir að skammstafað fornafn er ritað fyrst en eftirnafn á eftir. Sjá dæmi 3.6 og 3.7 í „Sniðmát fyrir ýmsar tegundir heimilda“.
Nöfn íslenskra höfunda	Nöfn íslenskra höfunda og ritstjóra skal rita samkvæmt íslenskum málvenjum, þ.e. fornafn fyrst og eftirnafn á eftir. Sjá dæmi 3.1 og 3.4 í „Sniðmát fyrir ýmsar tegundir heimilda“. Athugið að þessi háttur miðast við framsetningu í íslenskum texta.
Tveir til sjö höfundar	Ef höfundar eða ritstjórar eru tveir til sjö skal telja þá alla upp í heimildaskrá í þeirri röð sem nöfn þeirra eru talin upp í heimildinni.
Fleiri en sjö höfundar	Ef höfundar eða ritstjórar eru fleiri en sjö skal telja upp fyrstu sex í heimildaskrá og rita síðan skammstöfunina <u>o.fl.</u> á eftir.
Tvær eða fleiri heimildir sama höfundar	Sé vitnað til fleiri en einnar heimildar tiltekins höfundar skal raða þeim eftir útgáfuári í heimildaskrá og lista fyrst upp elstu heimildina. Ef fleiri en ein heimild tiltekins höfundar hefur sama útgáfuár skal greina á milli þeirra með bókstöfunum a, b, c og svo framvegis, beint á eftir ártali. Heiti heimildanna ræður þá innbyrðis röð þeirra í heimildaskránni. Sé vitnað til fleiri en einnar heimildar tiltekins höfundar sem hann ýmist einn er höfundur að eða með öðrum, skal fyrst lista þær heimildir sem hann einn er höfundur að. Þar á eftir komi þær heimildir þar sem hann er við annan höfund og ræður nafn seinni höfundar þá innbyrðis röð þeirra í heimildaskránni. Þvínæst þær heimildir þar sem meðhöfundar eru tveir o.s.frv.

2.3 Ártöl í heimildaskrá

Útgáfuár	Ætíð skal geta útgáfuárs útgefna heimilda. Ef um óútgefna heimildir er að ræða skal geta framleiðsluárs þeirra eftir því sem kostur er. Í sumum tilfellum skal jafnframt geta mánaðar og jafnvel dags að auki. Til dæmis ef vitnað er til tímarits sem gefið er út mánaðarlega skal tilgreina mánuð á eftir ártali. En ef vitnað er til dagblaðs eða tímarits sem gefið er út oftár skal tilgreina dag og mánuð á eftir ártali.
Ártal spannar tímabil	Ef ekki er gefið upp eitt ártal heldur tímabil sem spannar tvö ár eða fleiri skal tilgreina tímabilið eins og það er gefið upp í heimildinni. Þetta á einkum við um rafrænar heimildir.
Ártal vantar	Ef ártal heimildar vantar skal þess getið með því að rita <u>á.á.</u> í stað ártalsins.

2.4 Heiti heimilda

Titill og undirtitill	Skrá skal heiti heimilda í heild sinni, bæði titil og undirtitil. Ef höfundur hefur ekki greint á milli þeirra með afgerandi hætti skal það gert með tvípunkti eða bandstriki. Samræmi skal vera á milli heimildafærslna við þessa aðgreiningu.
Endurútgáfur	Þegar um endurútgefin rit er að ræða skal geta hvaða útgáfu verið er að vinna með hverju sinni. Skal það gert í sviga beint á eftir heiti heimildar. <ul style="list-style-type: none">• Dæmi: <i>Gagnfræðakver handa háskólanemum</i> (3. útg.) Sjá einnig dæmi 3.8 og 3.10 í „Sniðmát fyrir ýmsar tegundir heimilda“.
Bindi	Þegar ritverk er gefið út í fleiri en einu bindi skal þess getið hvaða bindi verið er að vinna með hverju sinni. Skal það gert í sviga beint á eftir heiti heimildar. <ul style="list-style-type: none">• Dæmi: <i>Reykjavík: Sögustaður við Sund</i> (2. bindi) Ef vísað er til ritverks í heild sinni, er telur fleiri en eitt bindi, má gera það í einni færslu. <ul style="list-style-type: none">• Dæmi: <i>Íslenska alfræðiorðabókin</i> (1.–3. bindi) Ef ritverk sem vísað er til í heild sinni, hefur verið gefið út yfir nokkurra ára tímabil skal tilgreina upphafs- og lokaútgáfuár í ártali.

2.5 Almennt um rafrænar heimildir

Nákvæmni	Beinið lesanda sem næst þeim upplýsingum sem vitnað er til og vísið því frekar til einstakra skjala eða síðna heldur en upphafssíðna eða yfirlitssíðna. Stundum getur þó verið betra að vísa til upphafssíðu eða yfirlitssíðu ef vafi leikur annars á hvort um fasta slóð sé að ræða eða ef slóð er ótæpilega löng.
Virgni	Athugið að slóðin sem vísað er til sé virk.
Leturbreytingar	Við frágang rafrænna slóða í heimildaskrá skal taka af allar leturbreytingar, svo sem lit og undirstrikun.

2.6 Listi yfir helstu skammstafanir

á.á.	án ártals
o.fl.	og fleiri
ritstj.	ritstjóri eða ritstjórar
þýð.	þýðandi eða þýðendur
útg.	útgáfa
bls.	blaðsíða/ur

3 SNIÐMÁT FYRIR ÝMSAR TEGUNDIR HEIMILDA

Í sniðmátunum hér á eftir er breytilegur texti undirstrikaður, en fastur texti ekki. Athugið að skáletraðan texta í sniðmáti skal rita með skáletri í eiginlegri færslu.

3.1 Tímaritsgrein

Snið: Nafn höfundar (útgáfuár). Heiti greinar. Heiti tímarits, árgangur(tölublað), blaðsíðutal.

Dæmi: Rannikko, P. (1996). Local environmental conflicts and the change in environmental consciousness. *Acta Sociologia*, 39, 57–72.

Edda R. H. Waage & Karl Benediktsson (2002). Vatnajökulsþjóðgarður: Sjónarmið úr grasrótinni. *Landabréfið*, 18/19(1), 41–57.

Bhattari, K., Conway, D. & Shrestha, N. (2005). Tourism, terrorism and turmoil in Nepal. *Annals of Tourism Research*, 32(3), 669–688.

- Ef fleiri en eitt tölublað kemur út í hverjum árgangi og blaðsíðutal byrjar á 1 í hverju tölublaði, skal vísa til tölublaðs á eftir árgangi og síðan til blaðsíðutals. Ef blaðsíðutal er aftur á móti hlaupandi innan hvers árgangs, en byrjar ekki upp á nýtt með hverju tölublaði, er ekki nauðsynlegt að vísa til viðkomandi tölublaðs.

3.2 Tímarit – tölublað í heild sinni, sérútgáfa eða hluti tölublaðs

Snið: Nafn ritstjóra (ritstj.) (útgáfuár). Heiti tölublaðs. Heiti tímarits, árgangur(tölublað).

Dæmi: Janson, P., Dyurgerov, M., Fontain, A.G. & Kaser, G. (ritstj.) (1999). Methods of mass balance measurements and modelling. *Geografiska AnnalerA*, 81(4).

Kohl, B. & Warner, M. (ritstj.) Symposium: Scales of neoliberalism. *International Journal of Urban and Regional Research*, 28(4), 855–908.

- Ef sérútgáfa eða hluti tölublaðs er undir ritstjórn gestaritstjóra skal skrá nafn hans. Að öðrum kosti nafn aðalritstjóra tímaritsins.
- Ef ritstjóra vantar skal setja heiti tölublaðs fremst, á undan ártali. Ræður þá heiti þess stöðu heimildar í stafrófsröð heimildaskrár.
- Ef vitnað er til ákveðins hluta viðkomandi tölublaðs skal gefa upp blaðsíðutal á eftir tölublaði.

3.3 Bókargagnrýni í tímariti

Snið: Nafn höfundar (útgáfuár). Heiti bókargagnrýni [gagnrýni á bókina Heiti bókar]. Heiti tímarits, árgangur(tölublað), blaðsíðutal.

Dæmi: Schatz, B.R. (2000, 3. mars). Learning by text or context? [gagnrýni á bókina *The social life of information*]. *Science*, 290, 1304.

- Ef bókargagnrýni hefur ekki eigið heiti skal nota skýringartextann innan hornklofans þess í stað. Halda skal hornklofanum til að gefa til kynna að ekki er um eiginlegt heiti að ræða.

Dæmi: Aspers, P. (2003). [Gagnrýni á bókina *Harvesting Development: The Construction of Fresh Food Markets in Papua New Guinea*.] *American Journal of Sociology*, 109(2), 517–519.

3.4 Bók undir höfundarnafni

Snið: Nafn höfundar (útgáfuár). Heiti bókar. Útgáfustaður: Útgefandi.

Dæmi: Páll Skúlason (1998). *Umhverfing*. Reykjavík: Háskóli Íslands og Háskólaútgáfan.

3.5 Ritstýrð bók

Snið: Nafn ritstjóra (ritstj.) (útgáfuár). Heiti bókar. Útgáfustaður: Útgefandi.

Dæmi: Flowerdew, R. & Martin, D. (ritstj.) (2005). *Methods in Human Geography*. Essex: Pearson Education Limited.

3.6 Kafli í ritstýrðri bók

Snið: Nafn höfundar (útgáfuár). Heiti kafla. Í nafn ritstjóra (ritstj.), Heiti bókar (bls. blaðsíðutal kafla). Útgáfustaður: Útgefandi.

Dæmi: Healy, S. (2003). Public participation as the performance of nature. Í B. Szerszynski, W. Heim & C. Waterton (ritstj.), *Nature Performed – Environment, culture and performance* (bls. 94–108). Oxford: Blackwell Publishing.

- Ef enginn ritstjóri er að bókinni skal setja orðið Í á undan heiti bókar.

3.7 Þýdd bók

Snið: Nafn höfundar (útgáfuár). Heiti bókar (nafn þýðanda, þýð.). Útgáfustaður: Útgefandi. (Frumútgáfa ártal)

Dæmi: Kant, I. (2000). *Critique of the Power of Judgment* (P. Guyer & E. Matthews, þýð.). Cambridge: Cambridge University Press. (Frumútgáfa 1790)

- Til samanburðar, sjá einnig dæmi um tilvísun í „Endurútgáfa gamalla rita“, í kafla 1.3.

3.8 Bók, enginn höfundur eða ritstjóri

Snið: Heiti bókar (útgáfuár). Útgáfustaður: Útgefandi.

Dæmi: *Merriam–Webster’s Collegiate Dictionary* (10. útgáfa) (1993). Springfield, MA: Merriam–Webster.

- Heimildinni skal raða eftir stafrófsröð í heimildaskrá og skal miða við heiti bókarinnar.
- Í texta skal vísa til heitis bókar, þar sem annars væri vísað til höfundar eða ritstjóra, og útgáfuárs þar á eftir.
- Ef heiti bókar er mjög langt dugar að skrifa nokkur fyrstu orðin í tilvísun.

3.9 Orðabók eða alfræðiorðabók

Snið: Nafn ritstjóra (ritstj.) (útgáfuár). Heiti bókar. Útgáfustaður: Útgefandi.

Dæmi: Soanes, C. & Stevenson, A. (ritstj.) (2003). *Oxford Dictionary of English* (2. útg.). Oxford: Oxford University Press.

- Ef enginn ritstjóri er að bókinni skal fara með hana sem slíka (sjá bók, enginn höfundur eða ritstjóri).

3.10 Færsla í alfræðiorðabók undir höfundarnafni

Snið: Nafn höfundar (útgáfuár). Heiti færslu. Í nafn ritstjóra (ritstj.), Heiti bókar (bls. blaðsíðutal). Útgáfustaður: Útgefandi.

Dæmi: Duncan, J. (1994). Landscape. Í R.J. Johnston, D. Gregory & D.M. Smith (ritstj.), *The Dictionary of Human Geography* (3. útg.) (bls. 316–317). Oxford: Blackwell Publishers.

3.11 Skýrsla undir höfundarnafni

Snið: Nafn höfundar (útgáfuár). Heiti skýrslu. Útgáfustaður: Útgefandi.

Dæmi: Karl Benediktsson, Edda R. H. Waage & Steingerður Hreinsdóttir (2003). *Þjóðgarðstal - Viðhorf heimamanna til stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs* (Rit Háskólasetursins á Hornafirði 1). Höfn: Háskólasetrið á Hornafirði.

3.12 Ritstýrð skýrsla

Snið: Nafn ritstjóra (ritstj.) (útgáfuár). Heiti skýrslu. Útgáfustaður: Útgefandi.

Dæmi: Ulvevadet, B. & Klokov, K. (ritstj.) (2004). *Family-Based Reindeer Herding and Hunting Economies, and the Status and Management of Wild Reindeer/Caribou Populations* (Arctic Council 2002-2004). Tromsø: University of Tromsø, Centre for Saami Studies.

3.13 Stofnanaskýrsla, enginn höfundur eða ritstjóri

Snið: Nafn stofnunar (útgáfuár). Heiti skýrslu. Útgáfustaður: Útgefandi.

Dæmi: Umhverfisstofnun (2003). *Náttúruverndaráætlun 2004–2008 – Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*. Reykjavík: Umhverfisstofnun.

3.14 Stofnana- eða fyrirtækjabæklingur

Snið: Nafn stofnunar eða fyrirtækis (útgáfuár). Heiti bæklingis [bæklingur]. Útgáfustaður: Útgefandi.

Dæmi: Ferðamálasamtök Vestfjarða (2003). *Vestfirðir, nær en þig grunar* [bæklingur]. Ísafjörður: Ferðamálasamtök Vestfjarða.

- Tilgreina skal í hornklofa á eftir heiti að um bækling sé að ræða.

3.15 Grein í dagblaði undir höfundarnafni

Snið: Nafn höfundar (útgáfuár, dagur, mánuður). Heiti greinar. Heiti dagblaðs, bls. blaðsíðatal.

Dæmi: Anna Pála Sverrisdóttir (2005, 24. ágúst). Hlakkar til að skoða hugmyndir um Miklatún. *Morgunblaðið*, bls. 6.

3.16 Grein í dagblaði, enginn höfundur

Snið: Heiti greinar (útgáfuár, -dagur, -mánuður). Heiti dagblaðs, bls. blaðsíðatal.

Dæmi: Þarf ekki umhverfismat (2005, 24. ágúst). *Morgunblaðið*, bls. 14.

- Heimildin raðast í stafrófsröð heimildaskrár eftir heiti greinar.
- Í texta skal vísa til heitis greinar, þar sem annars væri vísað til höfundar eða ritstjóra, og útgáfuárs og dags á eftir.
- Ef heiti greinar er mjög langt dugar að skrifa nokkur fyrstu orðin í tilvísun.

Dæmi: Jacques Chirac forseti risinn af sjúkraðeði: Stýrir ríkisstjórnarfundum (2005, 14. september). *Fréttablaðið*, bls. 8.

- Tilvísun í texta gæti þá verið á þessa leið: (Jacques Chirac forseti ..., 2005, 14. september)

3.17 Erindi flutt á ráðstefnu, útgefið í ráðstefnuriti

Snið: Nafn höfundar (útgáfuár). Heiti erindis. Í nafn ritstjóra (ritstj.) heiti ráðstefnu/ráðstefnurits. Útgáfustaður: Útgefandi.

Dæmi: Hoefle, S.W. (2005). Spatial mobility and socio-environmental sustainability in the Amazon. Í A.S. Mather (ritstj.) *Land Use and Rural Sustainability. Proceedings of Conference on Land use and Rural Sustainability, Aberdeen, Scotland, 10-14 August 2004.* The Commission on the Sustainable Development of Rural Systems (International Geographical Union).

3.18 Erindi flutt á málþingi eða ráðstefnu, ágrip útgefið í ráðstefnuriti

Snið: Nafn höfundar (útgáfuár). Heiti erindis [ágrip]. Heiti ráðstefnu/ráðstefnurits. Útgáfustaður: Útgefandi.

Dæmi: Li, L. (2000). A discussion on spatial rules of tourist destination's image perception [ágrip]. *29th International Geographical Congress, 14-18 August 2000.* Seoul: 29th International Geographical Congress.

3.19 Erindi flutt á ráðstefnu, óútgefið

Snið: Nafn höfundar (flutningsár, mánuður). Heiti erindis. Erindi flutt á heiti ráðstefnu, staðsetning ráðstefnu.

Dæmi: Dower, N. (2004, september). *The Ethics of Sustainable Development.* Erindi flutt á Sustainable Development – Historical Roots, Social Concerns & Ethical Considerations, Reykjavík.

- Athugið að geta skal mánaðar á eftir ári.

3.20 Veggspjald kynnt á málþingi eða ráðstefnu

Snið: Nafn höfundar (útgáfuár, mánuður). Heiti veggspjalds. Veggspjald kynnt á heiti ráðstefnu, staðsetning ráðstefnu.

Dæmi: Guðrún Gísladóttir & Anna Dóra Sæþórsdóttir (2005, febrúar). *Ferðamenn og umhverfi.* Veggspjald kynnt á Fræðþingi landbúnaðarins í fundarsal Íslenskrar erfðagreiningar og Hótel Sögu, Reykjavík.

3.21 Doktorsritgerð, óútgefin

Snið: Nafn höfundar (ártal). Heiti ritgerðar. Óútgefin doktorsritgerð, heiti háskóla, staðsetning háskóla.

Dæmi: Lorimer, J. S. P. (2005). *Biodiversity Conservation? An Investigation into the Scope of UK Nature Conservation.* Óútgefin doktorsritgerð, University of Bristol, Bristol.

3.22 Meistaraprófsritgerð, óútgefin

Snið: Nafn höfundar (ártal). Heiti ritgerðar. Óútgefin meistaraprófsritgerð, heiti háskóla, staðsetning háskóla.

Dæmi: Anna Dóra Sæþórsdóttir (1992). *Hópfærðir erlendra ferðamanna um Ísland – Könnun á dreifingu þeirra, efnahags- og umhverfisáhrifum.* Óútgefin meistaraprófsritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.

3.23 Kort

Snið: Nafn höfundar (útgáfuár). Heiti korts. Tegund, mælikvarði. Útgáfustaður: Útgefandi.

Dæmi: Haukur Jóhannesson & Kristján Sæmundsson (1989). *Jarðfræðikort af Íslandi. 1:500.000. Berggrunnkort* (1.útg.). Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands og Landmælingar Íslands.

Landmælingar Íslands (1994). *Uppdráttur Íslands, blað 8, Miðausturland*. Staðfræðikort, 1:250.000. Reykjavík: Landmælingar Íslands.

- Óþarfi er að tilgreina tegund og/eða mælikvarða ef slíkar upplýsingar koma fram í heiti korts.
- Ef ekki er getið höfundar skal tilgreina útgefanda í hans stað.

3.24 Loftmynd

Snið: Heiti fyrirtækis eða stofnunar (tökuár, dagur, mánuður). Loftmynd nr. Tilvísunarnúmer. Tegund, mælikvarði u.þ.b. mælikvarði.

Dæmi: Landmælingar Íslands (1989). Loftmynd nr. *M1177*. Innrauð litmynd, mælikvarði u.þ.b. 1:25.000.

- Tegund stendur til dæmis fyrir: svarthvít mynd, hefðbundin litmynd eða innrauð litmynd.
- Með mælikvarða er átt við mælikvarða snertimyndar.

3.25 Gervitunglamynd

Snið: Heiti fyrirtækis eða stofnunar (tökuár, dagur, mánuður). Gervitungl, sena númer/röð númer.

Dæmi: NASA (1997, 13. ágúst). Landsat TM, sena 218/röð 14.

3.26 Lög

Snið: Heiti laga nr. laganúmer/setningarár.

Dæmi: Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.

3.27 Reglugerð

Snið: Heiti reglugerðar nr. reglugerðarnúmer/setningarár.

Dæmi: Reglugerð um akstur í óbyggðum nr. 619/1998.

3.28 Vefur stofnunar, fyrirtækis eða einstaklings, almenn tilvísun

Snið: Heiti stofnunar, fyrirtækis eða einstaklings (útgáfuár). Heiti vefs. Skoðað dagsetning á slóð

Dæmi: Actavis (2004). *Actavis – hagur í heilsu*. Skoðað 25. ágúst 2005 á <http://www.actavis.is/>

- Ef heiti vefs er hið og sama og heiti stofnunar, fyrirtækis eða einstaklings skal sleppa heiti vefs.

Dæmi: Reykjavíkurborg (á.á.). Skoðað 25. ágúst 2005 á <http://www.rvk.is/>

Björn Bjarnason (1995-2005). Skoðað 25. ágúst á <http://www.bjorn.is/>

- Ef vafi leikur á nákvæmu heiti stofnunar, fyrirtækis eða einstaklings skal því sleppt en heiti vefs sett á undan útgáfuári.

Dæmi: *Hornafjörður – Samfélagsvefur* (2005). Skoðað 25. ágúst 2005 á <http://www.hornafjordur.is/>

3.29 Grein eða pistill undir höfundarnafni, sótt á vef stofnunar, fyrirtækis eða einstaklings

Snið: Nafn höfundar (útgáfuár). Heiti greinar. Skoðað dagsetning á vef heiti stofnunar eða fyrirtækis: slóð

Dæmi: Rúnar Vilhjálmsson (2005). *Gæðavandi íslenskra háskóla*. Skoðað 25. ágúst 2005 á vef Háskóla Íslands: <http://www.hi.is/Apps/WebObjects/HI.woa/wa/dp?detail=1004367&name=pistlar>

3.30 Grein eða pistill, enginn höfundur, sótt á vef stofnunar, fyrirtækis eða einstaklings

Snið: Heiti stofnunar, fyrirtækis eða einstaklings (útgáfuár). Heiti greinar. Skoðað dagsetning á slóð

Dæmi: Actavis (2004). *Starfsmannastefna*. Skoðað 25. ágúst 2005 á <http://www.actavis.is/Commitment/>

3.31 Gögn úr rafrænum gagnabanka

Snið: Heiti stofnunar eða fyrirtækis (útgáfuár). Heiti gagnasafns. Skoðað dagsetning á slóð

Dæmi: Hagstofa Íslands (á.á.) *Búferlaflutningar milli landsvæða eftir kyni og aldri 1986-2004*. Skoðað 25. ágúst 2005 á <http://www.hagstofa.is/?pageid=623&src=/temp/mannfjoldi/buferlaflutningar.asp>

United Nations Development Programme (2005). Indicators – Australia. Í *Human Developments Reports*. Skoðað 25. ágúst 2005 á http://hdr.undp.org/statistics/data/cty/cty_f_AUS.html

3.32 Rafræn tímaritsgrein

Snið: Nafn höfundar (útgáfuár). Heiti greinar. Heiti tímarits, árgangur(tölublað). Skoðað dagsetning á slóð

Dæmi: Vannini, P. & Myers, S.M. (2002). Crazy About You : Reflections on the Meanings of Contemporary Teen Pop Music. *Electronic Journal of Sociology*, 6(2). Skoðað 25. ágúst 2005 á http://www.sociology.org/content/vol006.002/vannini_myers.html

- Ef vitnað er til rafrænnar tímaritsgreinar sem einnig hefur birst á prenti í nákvæmlega sömu mynd, má fara með heimildina sem um prentaða tímaritsgrein væri að ræða, sjá dæmi 3.1. Rétt er þó að geta þess að um rafræna útgáfu sé að ræða og skal það gert í hornklofa á eftir heiti greinar.

Dæmi: Matless, D., Merchant, P. & Watkins, C. (2005). Animal landscapes: otters and wildfowl in England 1945–1970 [rafræn útgáfa]. *Transactions of the Institute of British Geographers*, 30(2), 191-205.

3.33 Innlegg sent á umræðuvef

Snið: Nafn höfundar (sendingarár, dagur, mánuður). Heiti umræðuþráðs. Innlegg á heiti umræðuvefs. Skoðað dagsetning á slóð.

Dæmi: Maxey, L. (2005, 14. júní). 'reality tv', power relations and 'reality'. Innlegg á CRIT-GEOG-FORUM. Skoðað 25. ágúst 2005 á <http://www.jiscmail.ac.uk/lists/CRIT-GEOG-FORUM.html>